

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Borgarness.

### 1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

### 2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fastagjald á mánuði =  $F \times 12,35 \text{ kr/m}^2$ , ef F er minna en eða jafnt  $130 \text{ m}^2$ .

Fastagjald á mán =  $1606,60 \text{ kr.} + (F-130) \times 7,40 \text{ kr/m}^2$ , ef F er stærra en  $130 \text{ m}^2$ .

### 3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

- Peir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 70,18 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Peir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr. greiða 93,50 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.
- Gjald vegna vatnsnotkunar íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi skal vera 50% af gjaldskrá a-lið.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

### 4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.

Fyrir mæli með nafnrennsli allt að  $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$ : 249 kr/mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir  $6 \text{ m}^3/\text{klst.}$ : 444 kr/mán.

### 5. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Hitaveitu Borgarness, skal greiða gjald 3.204 kr.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða 822 kr.

### 6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupp- hitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	Stofngjald:
allt að $250 \text{ m}^3$	67.980 kr.
251-500 $\text{m}^3$	67.980 kr. + $162,20 \text{ kr/m}^3$ yfir $250 \text{ m}^3$
501-1500 $\text{m}^3$	108.530 kr. + $95,00 \text{ kr/m}^3$ yfir $500 \text{ m}^3$
1501-6000 $\text{m}^3$	203.530 kr. + $61,00 \text{ kr/m}^3$ yfir $1500 \text{ m}^3$
yfir 6000 $\text{m}^3$	478.030 kr. + $48,00 \text{ kr/m}^3$ yfir $6000 \text{ m}^3$

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambylíshúsi skal vera 51.230 kr. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 15.500 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar, sem eru lengri en 25 m innan lóðarmarka, 3.100 kr/m umfram 25 m.

7. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í desembermánuði 1999, k 236,6 stig.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. janúar 2000 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 475, 21. júlí 1997 með áorðnum breytingum.

*Iðnaðarráðuneytinu, 15. desember 1999.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Katrín Jóhannsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um Raunvísindastofnun Háskólans.

1. gr.

*Heiti stofnunarinnar og tengsl hennar við Háskóla Íslands.*

Stofnunin heitir Raunvísindastofnun Háskólans og heyrir undir *raunvísindadeild* Háskóla Íslands. Fjallar deildin um málefni stofnunarinnar, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

2. gr.

*Starfssvið.*

Aðalstarf stofnunarinnar er undirstöðurannsóknir í raunvísindum, sbr. 3. gr. Auk þess skal stofnunin hafa samvinnu við *raunvísindadeild* um háskólakennslu í raunvísindagreinum. Jafnframt stuðli stofnunin eftir föngum að hagnýtingu nýjunga á fræðasviðum sínum, veiti sérfræðiaðstoð og annist fræðslustarfsemi, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar hennar. Stofnunin er rannsóknarvettvangur þeirra fastráðinna kennara í raunvísindadeild, sem ráðnir eru til kennslu og rannsóknarstarfa á sviðum stofnunarinnar, nema annað þyki betur henta.

3. gr.

*Rannsóknarstofur.*

Stofnunin skiptist í sex rannsóknarstofur:

1. Eðlisfræðistofu
2. Efnifræðistofu
3. Jarðfræðistofu
4. Jarðeðlisfræðistofu
5. Reiknifræðistofu
6. Stærðfræðistofu